

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Kínversk fræði

Kínverskar furðusögur

Býðingar á völdum sögum úr Liaozhai Zhiyi

Ritgerð til BA-prófs í kínverskum fræðum

Klara Kristjánsdóttir

Kt.: 110782-3739

Leiðbeinandi: Geir Sigurðsson

Febrúar 2016

Ágrip

Eftirfarandi verkefni fjallar um þýðingu á völdum sögum úr kínversku yfir á íslensku úr ævintýralega smásagnarritinu 聊斋志异 (Liaozhai Zhiyi) eða *Furðusögur frá Liaozhai*.

Sögurnar eru hinar ýmsu flökku- og þjóðsögur frá 17. öld og í fyrsta kafla verður sérstaklega tekið tillit til þeirra sem hluta af menningararfi Kínverja. Þar fjalla ég um höfundinn og þau áhrif sem hann var undir þegar hann skrifaði þessar sögur. Einnig ræði ég þær sögur sem ég þýddi og tengingar þeirra við sögu og menningu Kína. Þessar stórskemmtilegu sögur hafa verið þýddar yfir á mörg tungumál en líklega eru þetta fyrstu þýðingarnar á íslensku. Í öðrum kafla mun ég fjalla um þýðingarferlið; hvernig var að þýða úr kínversku, þau vandamál sem komu upp og hvernig ég leysti þau. Að lokum má finna þýðingar á sex sögum sem eru sérvaldar út frá bæði skemmtanagildi og fróðleik sem hægt er að nálgast frá þeim.

Inngangur.....	4
1. Furðusögur frá Liaozhai.....	6
1.1 Sögumaður þess furðulega.....	6
1.2 Sögurnar sex.....	7
2. Þýðingin.....	8
2.1 Að þýða úr kínversku.....	8
2.2 Aðrar þýðingar.....	10
2.3 Vinnubrögð.....	11
Lokaorð.....	14
Heimildaskrá.....	15
Íslensk þýðing á völdum sögum frá Liaozhai.....	16
I. Málað hörund.....	16
II. Villihundurinn.....	20
III. Snarpur hnífur.....	21
IV. Nie Xiaoqian.....	21
V. Misbrigði líksins.....	29
VI. Refurinn í Weixian.....	32

Inngangur

Hið stórbrotna 17. aldar smásagnarit 聊斋志异 (Liaozhai Zhiyi) er eitt frægasta furðusagnarit Kína. Ritið inniheldur tæplega fimm hundruð sögur og eru þær allar eftir höfundinn Pu Songling (1640-1715). Sögurnar eru þekktar í hinum vestræna heimi sem ýmist *Strange Tales from the Liaozhai Studio* eða *Strange Stories from a Chinese Studio* en hér verður fjallað um þær sem *Furðusögur frá Liaozhai*. Úr þessum rómuðu sögum hafa verið gerðir framhaldspættir og kvikmyndir sem náð hafa gífurlegum vinsældum í Kína, þar sem Liaozhai er nánast samheiti yfir draugasögur. Þær eru flokkaðar sem klassískar bókmenntir og eru ófáum Kínverjum hjartfólgnar, því væri ef til vill hægt að líkja mikilvægi þeirra við *Grimms ævintýrin* í hinum vestræna heimi.

Í fyrsta hluta rígerðarinnar verður fjallað um höfundinn og sögurnar út frá menningarlegu- og sögulegu samhengi. Pu Songling lifði á tímum þar sem embættispróf mótuðu framtíð allra fræðimanna. Gremja hans í garð þessara prófa og spillingu yfirvalda er auðséð á mörgum sögunum og mun ég sýna fram á það. Þegar rýnt er í sögurnar öðlast maður talsverða innsýn í kínverska menningu en í þjóð- og flökkusögum eru oft ýmis endurtekin stef sem bera merki um tíðaranda og þankagang þjóðarinnar. Þrátt fyrir að sögurnar gerist yfirleitt í ímynduðum heimi fara þær að nokkru leyti eftir reglum og venjum hins raunverulega heims og veita okkur fordæmi um hvernig við eigum að haga okkur og lifa fyrirmyndarlífi. Ég mun því skoða og greina frekar frá þessum stefnum og fordæmum.

Í öðrum hluta ritgerðarinnar verður farið yfir vinnuna sem fór í að þýða þessar klassísku sögur. Að þýða úr kínversku yfir á íslensku reyndist mér oft og tíðum þungbært en fjarlægðin á milli þessara tveggja tungumála er óralöng. Málfræðin olli mér ekki svo miklum vandræðum heldur frekar orðalag og að finna réttu merkingu táknanna sem ræðst oft af samhengi. Meginvandinn var þó að ráða fram úr hinum gríðarlega menningarmun sem skín í gegn í sögunum. Minnst verður á aðrar þýðingar sem ég notaði mér til hliðsjónar og þá sérstaklega hina margrómuðu Herbert Allan Giles útgáfu bókarinnar. Fjallað verður um ýmis vafamál sem komu upp á meðan þýðingu stóð; til dæmis hvernig þýða ætti oft torskilin og furðuleg líkindamál, hvort eitthvað ætti að staðfæra og hvort ætti að bregða út af stílnum í

upprunalega textanum. Ákvarðanir verða útskýrðar og úrlausnir á þessum vafamálum rökstuddar.

Loks komum við að þriðja og síðasta hluta ritgerðarinnar; sjálfum þýddu sögunum. *Furðusögur frá Liaozhai* vöktu sérstakan áhuga en þjóð- og goðsögur hafa lengi verið mér hugleiknar. Ekki einungis er hægt að draga frá þeim fróðleik og kunnáttu heldur hafa sögurnar einnig talsvert skemmtanagildi. Skáldskapaheimur Pu Songling veitti honum mikið frelsi í frásagnarlistinni og tókst honum að vekja upp sterk hughrif hjá ótal mögum lesendum, þar með talinni mér sjálfri. Þarna réðst ég ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og var það áhuginn á sögunum og ástríðan fyrir þeim sem bar þetta verkefni áfram.

1. Furðusögur frá Liaozhai

1.1 Sögumaður þess furðulega

Allar sögurnar í *Furðusögur frá Liaozhi* voru skrifaðar af Pu Songling og gefnar út um það bil hálfri öld eftir andlát hans. Hann safnaði sögum sem hann bæði heyrði og las en þetta gátu verið hinar ýmsu þjóð-, flökku- og reynslusögur. Sögurnar hans innihalda drauga, ára, refi, ófreskjur og fleiri goðsögulegar verur og snúast jafnan um ástir og siðferði. Oft og tíðum fylgir þeim einnig einhverskonar boðskapur þar sem heiðarleiki, fjölskyldurækni og ráðvendni eru í hávegum höfð. Þetta eru þó ekki aðeins fallegar lýsingar á hinu furðulega því margir hryllilegir atburðir eiga sér stað í sögunum.

Það sem oft einkennir umfjallanir um Pu Songling er hvernig honum mistókst að ná markmiðum sínum bæði félagslega og fræðilega. Á tímum Ming og Qing keisaraættarinnar (1368-1644, 1644-1911) voru embættisprófin í hávegum höfð þar til þau voru endanlega afnumin árið 1905 og í raun átti enginn möguleika á að verða háttvirtur í þjóðfélaginu nema hann næði þessum prófum (Wang, 2013). Til þess að ná hæsta stiginu í prófunum, og þannig fá að gegna embættisstörfum, þurfti að standast þrjú próf og þar af leiðandi ná þeim titlum að verða 秀才(xiucaì), 举人(juren) og loks 进士(jinshi). Þrátt fyrir síendurteknar tilraunir náði Pu Songling aðeins fyrsta prófinu. Gremjan við að ná ekki hærrí prófgráðum mótaði líf hans, viðmót og verk. Þannig var ósannngirni prófanna og spillt yfirvöld gjarnan skopspæni í sögum hans (Pu, 2007). Af þeim sögum sem þýddar voru fyrir þessa ritgerð er þetta líklega augljósast í sögunni *Refurinn í Weixian* en þar er sýslumaður nokkur endurholdgaður asni sem vann sér inn titil með frekju og greiðasemi.

Mörgum þótti Pu Songling sóa hæfileikum sínum í þessar furðusögur. Þegar barist var um að gefa út sögurnar eftir andlát hans reyndu sumir höfundar að fjarlægja hið skrýtna úr sögunum og vildu meina að það yfirnáttúrulega sem finna mátti í sögunum væri aðeins líkindamál. Þannig væru árar og draugar samlíkingar mannvönsku, skriffræðis og spilltra yfirvalda (Zeitlin, 1997).

Pu Songling tileinkaði sér nafnið 异史氏 (yishi shi) eða sögumaður þess furðulega í athugasemdum sínum við margar sögurnar. Athugasemdirnar eru viðaukar þar sem hann útskýrir frekar sögurnar og túlkar þann boðskap sem draga má af þeim. Þó eru þessir viðaukar ekki til að einfalda sögurnar því textarnir eru gjarnan íburðarmeiri og flóknari en textarnir í sögunum sjálfum. Oft má greina miklar tilfinningar í því sem hann hefur að segja, eins og til dæmis þegar hann talar um sýslumannsasann í *Refurinn í Weixian* en þar má sjá talsverða heift og óbeit á hinum ýmsu valdamönnum.

1.2 Sögurnar sex

Þær sögur sem valdar voru til þýðinga eru afar ólíkar og sýna fram á hin ýmsu tilbrigði sagnanna. Ekki einungis er innihald og boðskapur þeirra misjafn heldur einnig lengd en sú stysta er einungis örfáar málsgreinar á meðan sú lengsta nær hátt í fjögur þúsund tákn. Allar eiga þær þó sameiginlegt að hafa talsvert að segja um menningu og hætti Kína.

Sú frægasta af sögunum er líklega *Málað hörund*. Í henni er sterkur boðskapur um þær afleiðingar sem fylgja því að falla fyrir freistingum og ávinning þess að vera trygglyndur. Algeng stef furðusagnanna eru að finna í þessari sögu eins og til dæmis hin yfirnáttúrulega kona. Margar rannsóknir hafa verið gerðar um konuna í sögum Pu Songling (Barr, 1989). Oft og tíðum eru þær draugar, árar, refir og þess háttar verur. Þær eru ákveðnar, ögrandi og algjörlegar andstæður hinnar hefðbundnu dauðlegu konu sem er trygg, fórnfús og þrúð. Í *Málað hörund* kynnumst við báðum þessum konum og hvaða afleiðingar hljótast af því að eiga við þessháttar konur.

Annað stef sagnanna er skapgerðareinkenni karlmansins. Oft er karlmaðurinn í sögunum veikgeðja og lætur freistast. Hann hlýtur þá oft en ekki refsingu fyrir afglöp sín og verður sagan einskonar skilaboð um æskilega hegðun mannsins. Svipað þema má sjá í sögunni *Nie Xiaoqian*, nema þar sjáum við konu sem í upphafi er hin yfirnáttúrulega og ögrandi kona en með tíma og betrumbótum nær hún að verða hin æskilega þrúða og tryggja kona. Þannig er sagan sjálf einnig nokkuð tvíþætt en í upphafi er hún hin dularfyllsta draugasaga og þegar líður á hana verður hún nokkuð hversdagsleg og snýst um hvernig maður snýr við blaðinu og bætir fyrir

mistök sín með því að sinna mikilvægum skyldum sínum við foreldra eða tengdaforeldra. Í *Nie Xiaoqian* er karlmaðurinn þó afar heiðvirður og siendurtekin dyggð hans bjargar honum og konunni frá slæmum örlögum. Siðferði, fjölskyldurækni og tryggð eru einmitt afar mikilvægir eiginleikar í konfúsisma og má sjá áhrif þeirrar hugsunar víða í sögunum. Konfúsismi er heimspeki sem var opinber hugmyndafræði kínverska ríkisins á þessum tíma og því er það nokkuð eðlilegt að konfúsísk gildi hafi verið mjög sýnileg í flökkusögum frá 17. öld.

Snarpur hnifur er stysta sagan. Þar er að finna skemmtilegan, svartan húmor sem svo oft einkennir þessar furðusögur. Þar má einnig finna sögulega tilvísun um ástandið í Kína undir lok Ming keisaradæmisins, sem svo aftur er komið inn á í sögunni *Villihundurinn*. Á þessum tíma leiddu miklar hörmungar til vantrausts á keisaradæminu og því varð talsvert af uppþotum í Kína. *Misbrigði líksins* valdi ég aðallega fyrir hughrifin. Sú saga á líklega mest sameiginlegt með samtíðardraugasögum og væri hægt að flokka hana undir gamanhrollvekju. *Refurinn í Weixian* varð að vera hluti af þýðingunum því í henni kynnumst við hinum dularfulla kínverska ref. Í mörgum þjóðflokkum virðist refurinn vera nokkuð einstakur. Það er ef til vill ekki svo skrytið þar sem dýrið sjálft skapar sér sérstaka stöðu í náttúrunni. Refurinn er hvorki rándýr né bráð og er slóttugur og kæn. Líkt og hrafinn tengist hann oft göldrum og hinu yfirnáttúrulega í goðsögum. Í kínverskum goðsögum geta þessar verur skipt um ham, verið ódauðlegar og búið yfir miklum hæfileikum. Refirnir geta verið ýmist illir eða góðir en í þessari sögu kynnumst við afar vitrum og heiðvirðum ref. Í sögunni má einnig finna fyrir andstyggð Pu Songling á hinu spilla yfirvaldi en þar sem honum hefur þótt sagan ekki ná að tjá fyrirlitningu sína nægilega vel á einstökum yfirvöldum, skrifaði hann viðauka sem fjallar sérstaklega um það.

2. Þýðingin

2.1 Að þýða úr kínversku

Kínverska tungan er afar frábrugðin hinni íslensku enda tilheyrir hún allt annarri tungumálaætt eða sínó-tíbeska málaflokki. Ritmálið er þó það sem sérstaklega

stingur í stúf en það er byggt upp á táknum sem geta verið ýmist grunntákn eða samansett úr nokkrum grunntáknum. Þegar lesið er í táknhlutana er hægt að ráða úr merkingu orðsins og framburð. Táknin eru kölluð hanzi og eru talin um áttatíu þúsund þó svo að fæst þeirra séu notuð. Oft er talað um að svo hægt sé að lesa dagblað þurfi aðeins að kunna tvö til þrjú þúsund hanzi. Hver hanzi stendur fyrir orð eða hugtak en merkingin ræðst oft af samhenginu. Aðeins um fjögur prósent kínverska tákna eru myndtákn eins og táknið fyrir tré: 木 (mu). Hér má auðveldlega sjá mynd af tré í táknuinu og ef þú bætir við öðru tréi þá verður það skógur: 林 (lin). Oft getur kunnátta um eitt grunntákn aðstoðað við skilning á tákni. Þegar táknið fyrir vatn 水 (shui) verður að grunntákni verður það að 氵 (san dian shui eða þrjú dropar af vatni). Þegar grunntáknið birtist í tákni þá eru allar líkur á að orðið tengist vökva á einhvern hátt, til dæmis 河 (he) stendur fyrir á, 海 (hai) stendur fyrir sjó og 酒 (jiu) stendur fyrir áfengi. Þessi grunntákn geta bæði verið merkingafræðilegs og hljóðfræðilegs eðlis. Til að mynda er grunntáknið 青 borið fram sem qing og er gjarnan notað til að sýna fram á hvernig á að bera fram orðið. Þannig eru táknið 请 (að bjóða), 晴 (heiðskírt) og 情 (tilfinningar) öll borin fram sem qing en þó ekki í sama tóni. Að þekkja grunntáknin er því eitt gagnlegasta tólið til að geta lesið kínversku án mikilla vandkvæða. Það að lesa í táknuinu er þó ekki það sem veitir mesta viðnámið í þýðingum heldur getur merking þeirra breyst talsvert eftir samhenginu. Táknið 请 (qing), sem minnst er á að ofan, er breytilegt en það getur til dæmis táknað að bjóða upp á eitthvað, afsökun og beiðni en það fer eftir samhenginu.

Í Kína eru mjög margar mállýskur en sú langalengasta er mandarín. Mállýskunar geta verið afar frábrugðnar hver annarri og algengt er að þær skiljist ekki á milli svæða. Hinar ýmsu mállýskur koma þó ekki að sök í þýðingum því sama ritmál er notað á flestum svæðum og er það gott dæmi um handhægi kínverska ritmálsins. Kínverska málfræðin er afar frábrugðin þeirri íslensku en að mörgu leyti er hún nokkuð auðveld. Enga eiginlega fallbeygingu, kyn, tíð né stigbreytingu er að finna en það ætti þó ekki að koma mikið að sök í þýðingavinnu þar sem yfirleitt er auðvelt að lesa þessa hluti úr orðalagi textans.

Sögurnar sem þýddar voru fyrir þessa ritgerð eru byggðar á ritstýrðum textum Zhang Youhe frá árinu 1963 en hann notaðist við útgáfu texta frá Qianlong keisaradæminu (1736-1796). Mín þýðing er úr nútíma útgáfu textans en orðaröð og

málfar í sögunum eru undir sterkum áhrifum frá klassískri kínversku og því lenti ég í nokkrum vandræðum við að greina setningar og finna réttu þýðinguna.

2.2 Aðrar þýðingar

Textinn átti það til að valda mér þó nokkru hugarangri en það er alls ekki hlaupið að því að þýða yfir þrjú hundruð ára gamlan kínverskan texta. Til allrar hamingju hefur textinn verið einfaldaður úr klassískri kínversku og þýddur yfir á þó nokkur tungumál. Af þessum þýðingum notaðist ég við tvær enskar mér til hliðsjónar. Sú fyrri var gefin út af Library of Chinese Classics (Pu, 2007), en nokkrir þýðendur áttu þar í hlut. Hin þýðingin sem ég notaði var hin vel kunnuga Herbert Allan Giles útgáfa (Pu, 1926). Ég gat nýtt mér mikið þá fyrrnefndu; hún fylgir frumtextanum mjög vel og í henni má finna nokkuð gott jafngildi frumtextans. Giles-útgáfan er hins vegar afar óútreiknanleg og er vert að ræða hana frekar.

Textinn í Herbert A. Giles þýðingunni er mjög skemmtilegur en heldur frumlegri en gengur og gerist í góðum þýðingum. Eins og nefnt var í inngangi þá eru ástir vinsælt þema í sögunum og því bregður fyrir talsvert af kynlífi. Kínafræðingurinn Giles tók greinilega mjög meðvitaða ákvörðun um að þýða ekkert sem viðkom kynlífi og til að afmá allar vísbendingar um þess háttar atlot notaði hann ýmsar róttækar og skapandi leiðir. Hann staldraði ekki einungis við erótík heldur dró hann einnig oft úr blóðugum atburðarásum. Af þessum sökum áttu sögurnar það til að breytast töluvert í þýðingunum og jafnvel styttest til muna. Til dæmis þýddi hann atburðarás þar sem ein söguhetja okkar í sögunni *Nie Xiaoqian* reynir að tæla mann til samneytis á þennan hátt: „... he found it was the young lady he had just seen; and detecting at once that she was going to attempt to bewitch him, sternly bade her begone“ (Pu, 1926: 78). Það sem á sér í raun stað er mun lengri, mikilvægari og flóknari söguþráður með miklum orðaskiptum sem eiga þátt í að lýsa persónuleikum söguhetja okkar. Þessar lýsingar má finna á blaðsíðu 23 í þýðingu minni á *Nie Xiaoqian*. Það er nokkuð ergilegt að vita til þess að þær þýðingar sem hafa verið einna lengst við lýði og notið mestu vinsælda hafi ekki skilað öllum textanum rétt frá sér. Þannig hafa margar sögurnar misst talsvert af innihaldi og merkingu. Það er þó Herbert Allan Giles að þakka að *Furðusögur frá Liaozhai* náðu bólfestu svo snemma í hinum vestræna heimi.

2.3 Vinnubrögð

Þegar hafið er verk við að þýða eru engar niðurnegldar reglur um hvernig best sé að leysa verkefnið heldur ber að skoða hvert verk fyrir sig. Hafa skal í huga hvað þarf að komast til skila og hvernig best sé að snúa sér í því. Góð þýðing miðlar anda og framsetningu frumtexta og er sett fram á eðlilegan og óþvingaðan hátt. Þess vegna er einnig afar mikilvægt að þýðandi hafi einhverja bakgrunnsþekkingu á málnotendum tungumálsins sem þýtt er úr.

Það sem ég ætlaði mér við þýðinguna var að kalla fram svipuð viðbrögð frá lesendum og ég upplifði sjálf við lestur frumtextans. Mér var afar hugleikið að fanga hinn drungalega og forvitnilega anda sem þessar sögur búa yfir og áherslan var þannig lögð á tilfinningar og hughrif. Mér fannst áhrifaríkt að halda torskildum þáttum sagnanna og gerði engar tilraunir til að dulbúa þýðinguna sem frumtexta. Ég gekk út frá því að fólk sem velur sér klassískar kínverskar þjóðsögur til lesturs sé ekki feimið við framandi menningarheima. Þess þá heldur myndi hugsanlegi markhópur minn kunna að meta það sem ekki er hversdagslegt og jafnvel kjósa að auka skilning sinn á menningarheimi frumtextans. Þannig reyndi ég frekar að færa lesandann til móts við höfundinn án þess þó að útskýra í þaula hið óvenjulega sem ber fyrir augum.

Örsjaldan fannst mér viðeigandi að gefa útskýringu á textanum. Í einu af þeim skiptum var það í sögunni *Misbrigði líksins* en þar er minnst á hljóðfæri sem heitir 木鱼 (muyu). Hljóðfærið er slagverk úr viði sem gjarnan er notað við helgiathafnir daóistapresta í Kína. Ekkert íslenskt nafn er á þessu hljóðfæri en í beinni þýðingu myndi það líklega kallast viðarfiskar. Ég ákvað að sleppa nafninu á hljóðfærinu í textanum og þess í stað gera grein fyrir hljóðfærinu: „Þegar gesturinn nálgadist hofið heyrði hann takt í viðar hljóðfærum...“ Lesandinn staldrar ekki við nafn á hljóðfæri sem hann þekkir ekki heldur hugsar frekar til hljóðsins. Þannig fær lesandi þýðingarinnar að upplifa sömu skynjun og lesandi sem væri að lesa úr frummálinu Annað dæmi er úr sögunni *Villihundurinn*. Í upphafi sögunnar er aðeins minnst á mann að nafni Yu Qi. Ég útskýri að hann hafi verið leiðtogi bændauppreisnar á 17. öld til að leiða lesandanum fyrir sjónir um hvaða atburð verið er að ræða og geri það með því að fella þessar upplýsingar inn í textann. Ég tel að viðaukinn hafi skilað sér nokkuð vel og náð að flæða frekar eðlilega.

Sögupersónurnar ávarpa gjarnan hver aðra með fjölskyldutitlum líkt og bróðir, systir og amma. Ástæðan er ekki sú að allir séu blóðskyldir í sögunum heldur var þetta eitthvað sem var afar algengt til að sýna fram á virðingu eða væntumþykju. Þessi siður tíðkast jafnvel enn í dag. Þetta getur vafist fyrir þeim sem ekki eru kunnugir þessari hefð og getur orðið talsvert ruglandi og því var freistandi að taka þetta úr textanum. Ákvörðun mín var þó að þetta skipti menninguna of miklu máli til að hunsa og setti ákveðinn brag á söguna. Dæmi: „Hver önnur en þú, kæra amma, myndi hrósa mér svo fallega?“ Hér heyrum við Nie Xiaoqian ávarpa gamla konu sem ömmu sína og þannig fáum við á tilfinninguna að hún þekki konuna vel og vilji að henni líki við sig.

Nafnaheiti fengu að halda sér algjörlega; ég ákvað að nota ekki eignarfallsbeygingu að íslenskum sið en fallbeygingar kínverskra eiginnafna komu mér stíðlega fyrir sjónir. Einnig fannst mér það algjörlega ónauðsynlegt til að miðla andanum og jafnvel vinna þvert á móti honum. Dæmi: „Hún ætlaði sér til Nings en nam staðar...“ „Hún ætlaði sér til Ning en nam staðar...“ Ef til vill má segja að útkoman hafi fallið undir geðþóttaákvörðun og smekk. Staðarheiti fengu einnig að halda sér þrátt fyrir þau hafi enga þýðingu fyrir meðal Íslending. Þjóðsögur hinna ýmsu þjóða, líkt og þeirrar íslensku, eiga það einnig til að tilgreina hvar sagan eigi sér stað og er þetta mikilvægur hlutur af þjóðsagnastíl.

Uppsetning textans fannst mér stundum örlítið stöm en stundum freistaðist ég til að láta textann flæða betur og tengdi setningar saman í stað þess að halda þeim aðskildum. Samtalsstíllinn fékk að halda sér eftir talsverða umhugsun en mér þótti sérstaða hans falla inn í eðli sagnanna og koma vel út.

Frásagnarstíllinn í frumtextanum er nokkuð formlegur og ég reyndi að fylgja honum eftir. Sögurnar gerast flestar á 17. öld og var ætlun mín að lesandinn kæmist aftur þangað án þess þó að gera textann of hátíðlegan. Einnig þótti mér dulúð sagnanna koma betur út með nokkuð gamaldags málfari. Ég reyndi að viðhalda listrænum stílbrögðum þar sem ég hélt hollustu við höfundinn að mestu leyti þegar kom að því að lýsa umhverfi eða fólki.

Líkingamál fékk að halda sér þó svo að það stingi örlítið í stúf við það sem hinn íslenski lesandi er vanur að sjá. Dæmi úr *Nie Xiaoqian*: „Ning rannsakaði hana gaumgæfilega, mjúk húð hennar ljómaði líkt og bleik ský og fætturnir voru nettir sem bambusprjónar“ Þetta líkingamál er ef til vill lýsandi fyrir þá kínversku hugsun sem var við lýði á þessum tíma en konur voru gjarnan með reyrdra fætur þar sem það þótti

fallegt að vera smáfættur. Bambus er algengur í Kína og því er eðlilegt að líkja hlutum við hann. Hér hefði ég getað notað líkingamál sem Íslendingar eru vanari en mér fannst andinn og stíllinn skila sér betur með því að halda lýsingunum og jafnframt þannig gefa lesandanum tækifæri til að staldra aðeins við og hugsa til kínverskrar menningar.

Lokaorð

Hver þýðandi setur sitt auðkenni á verk sín hvort honum líkar það betur eða verr. Þar sem engin skotheld formúla fylgir þýðingum fara ákvarðanir varðandi vafamál oft eftir mati og skynjun þýðandans. Ég leitaðist við að skapa texta sem stæði frumtextanum jafnfætis þrátt fyrir að textinn myndi stríða á mótí íslenskum bókmenntareinkennum. Í raun eru rök mín fyrir þeirri ákvörðun einfaldlega þau að mér fannst það réttast í stöðunni. Að bregða mikið út af svo klassískum og ástsælum texta þætti mér algjör svik og virðingarleysi við höfund og þjóð. Í þýðingarvinnu minni fannst mér ég ekki einungis bera skyldu til að þýða textann heldur einnig menninguna að miklu leyti. Textinn innihélt allt það sem mér fannst einkenna hann í frumtextanum og af ásettu ráði leyfði ég því sem var frábrugðið eða öðruvísi að halda sér. Þannig gefst lesandanum tækifæri til að njóta textans eins og hann kýs. Hann getur lesið í gegnum hann og notið sérviturra ævintýrasagna eða staldrað við hér og þar í textanum og rennt huganum til sögu og menningar Kína.

Draugasögur, hrollvekjur og þjóðsögur hafa löngum vakið mikinn áhuga hjá mér og hefur mér oft þótt nokkuð einkennilegt hversu litla virðingu þessar sögur njóta fyrir það eitt að vera draumkenndar og furðulegar. Ég vona að með þessu verkefni hafði ég náð að koma til skila hversu þýðingarmiklar þessar sögur geta verið til að skyggjast inn í annars fjarlægum heim.

Heimildaskrá

- Barr, A. (1989). *Disarming Intruders: Alien Women in Liaozhai zhiyi*. *Harvard Journal of Asiatic Studies*, 49(2), 501–517.
- Pu, S. og Giles, H. A. (1926). *Strange Stories from a Chinese Studio*. (4. útgáfa). Þýð. Giles, H. A. Shanghai: Kelly & Walsh.
- Pu, S. (2007) [1740]. *Selections from Strange Tales from the Liaozhai Studio*. Vol. I. (1. útgáfa). Tvímála kínversk og ensk útgáfa. Þýð. H. Youyi, Z. Qingnian, Z Ciyun, Y. Yi, D.C. Mair, V.H. Mair). Beijing: Foreign Language Press.
- Wang, R. (2013). *The Chinese Imperial Examination System: An annotated Bibliography*. Plymouth: The Scarecrow Press, Inc.
- Zeitlin, J.T. (1997). *Historian of the Strange: Pu Songling and the Chinese Classical Tale*. California: Stanford University Press.

Íslensk þýðing á völdum sögum frá Liaozhai

I. Málað hörund

Í Taiyuan var maður að nafni Wang. Einn morguninn í göngu sinni sá hann unga konu. Hún hélt á efnisklæddum bagga og haltraði í flýti. Wang haskaði sér til hennar og áttaði sig þá á því að þetta var afar falleg ung kona, um 16 ára. Þegar hann sá hana fann hann hjartað kippast til af aðdáun og spurði: „Hví gengur þú hér ein svo árla morguns?“ Stúlkan ansaði: „Herrann getur með engu móti axlað ábyrgð mína og eynd, til hvers að ómaka sig við að spyrja?“ Wang svaraði því: „Hví ertu svona döpur, hvað kom fyrir? Ef til vill get ég aðstoðað þig.“ Þá sagði stúlkan: „Foreldrar mínir eru fégráðugt og spillt fólk. Þau seldu mig sem frillu til auðugar fjölskyldu. Eiginkonan á heimilinu var afar afbrýðisöm, kvölds og morgna níddist hún á mér og lamdi þar til ég gat ekki meir og ákvað að flýja eins langt í burtu og ég gæti.“ Wang spurði þá hvert hún ætlaði sér að fara en stúlkan sagði að hún væri á flóttu og hefði því engan stað til að leita á. Þá sagði Wang: „Heimili mitt er skammt undan, ég myndi hljóta mikinn heiður af ef þú vildir dvelja þar.“ Stúlkan tók upp gleði sína og gerði sig tilbúna til að fylgja honum þangað. Wang tók við bagganum hennar og leiddi hana heim til sín. Þegar þangað var komið leit stúlkan í kringum mannlaust herbergið og spurði: „Herra, hvar er fjölskyldan þín?“ Hann sagði henni að þetta væri aðeins vinnuherbergi hans. Stúlkan lýsti yfir ánægju sinni af herberginu og sagði svo: „Ef þú sérð aumur á mér og vilt að ég haldi mínu litla lífi, verður þú að halda viðveru minni hér leyndri.“ Wang lofaði því og eyddu þau nóttinni saman. Í leyni dvaldi stúlkan þar í einhverja daga án þess að nokkur önnur sála vissi af henni. Nokkru síðar treysti Wang konu sinni, Chen, fyrir þessu leyndarmáli. Chen grunaði að stúlkan hafi verið frilla hjá valdamikilli fjölskyldu og hvatti hann því til að láta hana af hendi en Wang neitaði að gera nokkuð slíkt.

Dag einn fór Wang á markaðinn, þar rakst hann á daóistaprest. Presturinn horfði undrandi á Wang og spurði: „Hverju hefur þú mætt?“ Wang svaraði að hann hefði engu mætt. Þá sagði presturinn: „Illska umsetur líkama þinn en þó segir þú mér að þú hafir engu mætt.“ Wang hélt því enn fastar fram að hann vissi ekki hvað presturinn átti við. Um leið og presturinn hélt burt sagði hann með sjálfum sér:

„Meiri asninn! Sumt fólk gerir sér ekki grein fyrir því þegar það er við dauðans dyr.“ Wang brá við þessi orð og var um leið hugsað til ungu konunnar. Ekki gæti presturinn hafa átt við undurfögru stúlkuna? Gat það verið að hún væri þessi illska? Líklega var þetta aðeins tilraun prestsins til að ná sér í vinnu við að særa út illa anda. Áður en hann vissi af var Wang kominn fyrir framan hliðið á vinnustofu sinni. Þegar hann ætlaði sér að opna hliðið uppgötvaði hann sér til mikillar furðu að það var læst. Hann fann hvernig grunsemdin fór þá að vaxa innra með honum. Wang klifraði yfir brotinn hluta veggisins og hélt inn en hurðin að innri byggingunni var einnig læst. Wang læddist þá hljóðlega að glugga og leit inn. Honum til mikillar skelfingar blasti við honum hryllilegur ári með grænt andlit og hárbeittar skögultennur. Árinna hélt á málarabursta og málaði á hörund sem lá útbreitt á rúminu. Síðan kastaði hann frá sér penslinum og tók upp húðina, hristi hana, líkt og maður myndi hrista kápuna sína, og sveiflaði henni utan um sig. Á augabragði breyttist hann í fögru stúlkuna. Wang fylltist skelfingu og skreið í burtu líkt og eitthvað dýr. Hann hóf í ofboði að leita að Daóistaprestinum en vissi þó ekki hvert hann ætti að fara til að finna hann. Hann leitaði út um allt og fann hann loks við útjaðar bæjarins. Wang kastaði sér á hnén og grátbað prestinn um að hjálpa sér. Presturinn sagði: „Best væri að hrekja hana bara í burtu, skepnan hlýtur að hafa verið komin í talsverðar ógöngur og er nýbúin að finna sér staðgengil. Ég hef það ekki í mér að særa hana.“ Presturinn gaf Wang svo flugnafælu og sagði honum að hengja hana á svefnherbergisdyrnar. Að lokum skipulögðu þeir endurfund í Qingdi hofi. Wang snéri heim. Hann þorði ekki að fara í vinnuherbergið sitt heldur fór hann rակleitt að svefnherberginu sínu og hengdi upp flugnafæluna.

Seinna um kvöldið heyrði hann veikt hljóð fyrir utan hurðina líkt og rödd sem verið væri að kæfa niður. Hann þorði ekki sjálfur að líta út, heldur fékk hann konu sína til að athuga hvað væri fyrir utan hurðina. Chen leit út og sá stúlkuna þar stjarfa, starandi á fæluna. Stúlkann virtist ekki hætta sér inn, heldur gnísti hún tönnum í þó nokkurn tíma og snéri svo burt. Stuttu síðar kom hún aftur bölvandi: „Presturinn heldur að hann geti hrætt mig í burtu en sú er ekki raunin. Frekar mun ég éta manninn og æla honum svo út aftur!“ Í þeim töluðu orðun greip hún fæluna og mölvaði hana. Því næst braut hún niður svefnherbergishurðina og ruddist inn. Hún fór beinustu leið upp í rekkju Wang og risti upp á honum kviðinn, greip hjarta hans með báðum höndum og rauk út. Chen rak upp sársaukafullt gól og þjónustustúlka kom þá inn með kerti og lýsti upp líkið. Wang var með gleitt sár á bringunni og það mátti sjá

blóðslettur út um allt herbergið. Chen var svo skelfingu lostin að hún kom ekki upp hljóði.

Daginn eftir rauk yngri bróðir Wang til prestsins til að segja honum frá því sem hafði gerst. Presturinn sagði reiðilega: „Ég sem hafði samúð með þessum djöfli. Hann hafði svo eftir allt saman dirfskuna til að fremja þessi voðaverk!“ Presturinn fylgdi bróður Wang heim til hans. Árin hafði ekki lengur í nein hús að vernda. Presturinn leit til allra átta og sagði: „Blessunarlega hefur hann ekki sloppið mjög langt. Hver býr í suðurálmunni?“ Bróðir Wang sagði: „Það mun vera minn íverustaður.“ Presturinn sagði þá: „Þar dvelur árin.“ Við þessi orð brá unga manningum og sagðist halda að svo væri ekki. Presturinn spurði hvort hann hafi ekki orðið var við ókunnuga manneskju heima hjá sér í dag. Maðurinn svaraði að hann hafi farið afar snemma um morguninn til Qingdi hofs til að hitta hann og hafi því ekki orðið var við nokkurn mann. Hann sagði svo að hann myndi fara aftur til baka til að inna eftir því. Það leið ekki á löngu þar til hann kom aftur og sagði: „Þú hafðir rétt fyrir þér! Í morgun kom gömul kona sem sóttist eftir þjónustustarfi. Kona mín réð hana og vísaði henni til herbergis síns og hún er þar enn.“ Presturinn sagði: „Það er skepnan!“ Þeir fóru í aðalsalinn, presturinn var vopnaður viðarsverði og kallaði: „Illu djöfull, þú skuldar mér flugnafæluna!“ Gamla konan var í herberginu sínu þegar hún heyrði þessi orð. Hún fölnaði af hræðslu og tók til fótanna. Presturinn elti konuna og hjó í hana. Húðin á gömlu konunni flagnaði af og hún breyttist aftur í hryllilega áran, hné niður á fjórar fætur og rýtti líkt og göltur. Presturinn handlangaði sverð sitt og hjó af honum höfuðið. Líkami hans varð að hrúgu á jörðinni og þykkan reyk lagði af honum. Presturinn tók fleyg og kastaði honum í miðjan reykinn. Mikið soghljóð heyrðist þegar flögrandi slikjan sogaðist öll inn í fleyginn. Presturinn festi þá korkinn vandlega í fleyginn og setti hana í töskuna sína. Hann leit á hörundið; það var fagmannlega málað, lýtalaust með andlitsdráttum og útlimum. Presturinn rúllaði upp húðinni og það hljómaði líkt og hann væri að rúlla upp málaðri rollu. Síðan setti hann húðina í töskuna sína og fór að sýna á sér fararsnið. Chen hafði beðið hans við hliðið og þegar hann kom út kastaði hún sér á hnén og grátbað prestinn að lífga við manninn sinn. Presturinn baðst forláts og sagðist ekki geta gert það. Chen fleygði sér niður, grét sárt og neitaði að standa upp. Presturinn hugsaði sig um og sagði: „Satt best að segja er það ekki í mínum mætti að reisa fólk upp frá dauðum, en ég get þó bent þér á mann sem gæti það mögulega. Farðu og leitaðu hans, hugsanlega gæti það borið einhvern árangur.“ Þegar hún spurði hver þessi maður væri þá sagði presturinn að í

borginni væri vitfirrtur maður sem byggði í miðju drullusvaði: „Best væri að fara á hnén og grátbiðja hann um aðstoð. Þó hann niðurlægi þig á einhvern hátt skaltu ekki reiðast honum.“ Mágur hennar vissi hvaða mann presturinn átti við og héldu þau þá saman í leit að honum.

Á leiðinni sáu þau betlara syngja með sjálfum sér, hann var með langa hortama og svo forugur að erfitt var að nálgast hann. Kona Wang fleygði sér á jörðina og skreið til hans. Betlarinn hló og sagði: „Elskar fagra konan mig?“ Hún hóf þá að segja honum frá því sem á undan hafði gengið. Enn á ný rak betlarinn up tryllingslegan hlátur og sagði: „Það er fjöldinn allur af eiginmönnum þarna úti handa þér, til hvers að vekja einn upp frá dauðum?“ Chen grét þá með enn meiri ákefð. Því næst sagði betlarinn: „En furðulegt! Fólk deyr og ég er beðinn um að endurlífga það. Lít ég út fyrir að vera konungur hinna dauðu eða hvað?“ Reiðilega lamdi hann hana með staf sínum. Chen lét sig hafa barsmíðarnar hljóðalaust þrátt fyrir sársaukann. Fólk úr borginni var farið að safnast saman og mynda þéttan vegg í kringum þau. Betlarinn hóstaði upp slímugum hráka í lófa sér, bar lófann að vörum Chen og sagði: „Borðaðu!“ Chen roðnaði í framan og hikaði en þá hugsaði hún til ráða prestsins og gleypiti hrákann. Hún fann hvernig slímið ferðaðist niður hálsinn líkt og grófur bómullarhnoðri og nam svo staðar við bringuna. Betlarinn hló enn aftur og sagði: „Fagra konan elskar mig!“ Í þeim töluðu orðum hafði hann sig á brott. Chen elti hann inn í mitt hof en sá hann hvergi. Hún leitaði hans í myrkrinu en án árangurs. Niðurlægð snéri hún heim.

Chen hóf að syrgja dauða Wang. Enn og aftur fylltist hún skömm og eftirsjá yfir að hafa étið hrákann. Hún grét sárt og fór að óska eftir dauðanum sjálf. Chen byrjaði að þrífa upp blóðið. Þjónarnir þorðu ekki að koma nálægt og stóðu bara og stöðu á. Hún hélt utan um líkið og fór að safna saman iðrunum og grét hún þar til hún varð hás. Skyndilega fannst henni hún þurfa að kasta upp, hún fann fyrir einhverjum klumpi innra með sér ferðast upp á ógnarhraða og áður en hún vissi af féll klumpurinn ofan í opið sárið á líkinu. Óttaslegin leit hún í sárið og sá þar tifandi mannshjarta. Hún fann fyrir hita frá hjartanu og það var sem reykur lagði af því. Þetta var afar furðulegt. Í ofboði lagði hún báðar hendurnar á bringuna og fór að þrýsta sárinu saman en húðin var ekki nógu teygjanleg og heitt loftið slapp út. Hún reif þá silkiefni til að binda fyrir. Því næst notaði hún hendurnar til að nudda hita í líkamann og smám saman hitnaði hann. Hún setti þá yfir hann teppi og fór að biðja. Um miðnætti gáði hún að honum og sá að hann var farinn að anda. Í dagrenningu var

hann lifandi. Hann sagði: „Ég er svo svefndrúkkinn að mér líður líkt og mig sé að dreyma, en þó finn ég aðeins fyrir dofnum sársauka í bringunni.“ Hann skoðaði á sér sárið og þar var storknað blóð í laginu eins og stór peningur. Honum fór batnandi og komst að lokum til heilsu á ný.

Sögumaður hins Furðulega segir: „Hve fíflgjarn maðurinn getur verið! Honum getur fundist hinn hryllilegasti djöfull fagur. Blindaður af losta heyrir hann sannleikann en telur hann firru. Þegar maður er tældur af þokka verður eiginkona hans að líða fyrir það og gleypa hráka án mótmæla. Fara skaltu eftir hinum himnesku lögmálum í stað þess að verða blindaður af heimsku og losta. Vesæli maður!“

II. Villihundurinn

Yu Qi leiddi bændauppreisn á sautjándu öld. Þá var sem mannlífið væri einskis virði og ótal manns lágu í valnum.

Það var orðið dimmt þegar þorpsbúi að nafni Li Hualong flúði heim úr fjallagörðum. Hann heyrði í hermönnum færast nær og það hvarflaði að honum hann gæti verið tekinn í misgripum fyrir uppreisnarmann. Li óttaðist því um líf sitt og í ofboði leitaði hann að felustað. Þá kom hann auga á hrúgu af líkum sem lágu á jörðinni. Li lagðist niður á meðal þeirra og lá þar grafkyrr á meðan hermennirnir fóru framhjá. Jafnvel eftir að þeir voru farnir lá hann enn af ótta við að vekja á sér athygli. Hann fór að líta í kringum sig og tók eftir því að öll líkin höfðu verið afhöfðuð. Skyndilega spruttu þau öll upp og stóðu saman líkt og skógur. Á einu líkana mátti þó sjá höfuð sem rétt hékk á taumi af holdi og lafði niður af öxlinni. Kjafturinn á líkinu bærðist er það hóf að tala: „En ef villihundurinn kemur, hvað þá?“ Líkin stóðu öll undin og skökk. Saman sögðu þau í kór: „Hvað þá!“ Í sömu andrá féllu líkin aftur á jörðina og allt varð kyrrt og hljótt. Li skalf af hræðslu og þráði ekkert heitar en að forða sér en þá nálgast eitthvað ferlíki. Skepnan var að mestu dýrsleg að sjá nema höfuð hennar líktist mannshöfði. Skepnan beygði sig yfir líkin og fór að naga höfuðin. Þegar hún komst að heilunum saug hún þá upp í sig. Li varð skelfingu lostinn og gróf höfuð sitt undir líkin. Skepnan nálgast Li og reyndi að draga hann undan á öxlinni til að komast að höfðinu hans. Af öllum lífs og sálar kröftum barðist Li við að halda sér niðri svo dýrið næði honum ekki. Skepnan fór þá að draga til líkin sem voru í kring til að auðvelda sér að ná höfðinu og loks kom hún auga á það. Óttasleginn fór

Li að þreifa fyrir sér og undir mittinu greip hann hnullung á stærð við skál. Skepnan beygði sig niður og gerði sig líklega til að læsa tönnunum í höfuðið á Li þegar hann skyndilega reis upp, rak upp feiknamikið öskur og lamdi skepnuna í höfuðið með steininum. Li hitti beint í skoltinn og dýrið ýlfraði líkt og sparrhaukur og greip um kjaftinn. Afar þjáð spýtti það blóði og tók á rás. Li gekk að blóðpollinum sem skepnan hafði spýtt út úr sér og sá í honum miðjum tvær tennur. Þær voru tíu sentimetra langar, sveigðar í miðjunni og með hárbeittan enda. Li ákvað að taka tennurnar með sér heim til að sýna þorpsbúum en enginn af þeim sem sáu þær gátu gert sér í hugarlund úr hvaða dýri þær kæmu.

III. Snarpur hnífur

Undir lok Ming keisaradæmisins voru ótal margir ræningjar á Jinan svæðinu og þar af leiðandi var einnig allt krökkt af hermönnum sem gegndu þeirri skyldu að fanga þessa þjófa og aflífa. Zhangqiu héraðið var sérstaklega slæmt.

Í Zhangqiu var hermaður sem bar einn skarpasta hníf sem fyrir fannst. Í hvert sinn sem hann beitti hnífnum rann hann ávallt mjúklega í gegn án viðnáms. Dag einn voru þar handteknir yfir tíu þjófar. Einn af þjófunum vissi af hnífnum skarpa og er verið var að fylgja þeim að aftökusvæðinu náði hann tali af hermanninum sem bar hnífinn. Hann sagði hikandi: „Ég hef heyrt að þú hafir í förum þínum hníf sem er svo snarpur að þegar þú afhöfðar mann gerist önnur atrenna óþörf. Ég bið þig því um að vera sá sem tekur mig af lífi!“ Hermaðurinn sagði: „Ég skal gera það. Gættu þín að fylgja mér fast á eftir.“ Þjófurinn fór eftir orðum hans. Þegar komið var á aftökusvæðið dró hermaðurinn fram hnífinn, sveiflaði honum upp í loftið og hjó svo í hálsinn á þjófnum þannig að höfuðið féll niður og rúllaði nokkur skref. Skyndilega heyrðist frá höfðinu hátt og snjallt: „Þvílíkt snarpur hnífur!“

IV. Nie Xiaoqian

Ning Chaichen frá Zhejiang var maður mikilla heilinda; hann var heiðarlegur, gjafmildur og glaðlyndur og var mikið í mun að gera ávalt hreint fyrir sínum dyrum.

Hann sagði gjarnan hverjum sem vildi heyra að alla sína ævi hefði hann aðeins verið við eina konu kenndur.

Ning lagði af stað til Jinhua og var kominn norðan við borgarmúrinn þegar hann lagði frá sér farangurinn við búddahof eitt. Í miðju hofinu var mikilfengleg pagóða; allt var gróðri vaxið en engin ummerki um fólk. Frá austri til vesturs mátti sjá nokkra munkaklefa með lokuðum en ólæstum hurðum; einungis á einum litlum klefa syðst í hofinu var lás sem virtist nýr. Ning leit aftur í austur og sá þar hávaxnar bambusplöntur sem svignuðu undan eigin þunga. Neðan við þær var stór tjörn og allt í kring blómstruðu lótusblóm. Ning var heillaður af útsýninu. Hann kunni að meta dulúðina og friðsældina. Þessa dagana var embættismaður í borginni að sitja yfir hinum árlegu prófum og þar af leiðandi var leigukostnaðurinn himinhár. Ning taldi því hentugast að dvelja í hofinu. Hann gekk um á meðan hann beið þess að munkarnir kæmu aftur en það var ekki fyrr en í dagrenningu sem hann kom auga á lærdómsmann opna herbergið í suðurhluta hofsins. Ning flýtti sér til hans og heilsaði formlega. Hann sagði manningnum að hann óskaði eftir leyfi til að gista í hofinu. Lærdómsmaðurinn sagði: „Hér er enginn húseigandi en ég er einnig gestur. Ef þú óskar þess að dvelja hér á þessu eyðibýli yrði ég afar lánsamur en ég gæti þá jafnvel ráðfært mig við þig dag og nótt!“ Gláður í bragði fór Ning að koma sér fyrir, hann gerði sér bæli úr hálmi og reisti upp planku til að útbúa skrifborð. Í kristaltæru og svölu veðri síðar um kvöldið sátu þeir félagar á veröndinni undir björtu tunglskini með sindrandi vatnið fyrir augunum. Lærdómsmaðurinn kynnti sig sem Yan en sagðist kallaður Chixia. Ning þóttist vita að hann væri hér til að taka þátt í embættisprófunum en ef marka mátti hreiminn hljómaði hann þó ekki eins og hann væri frá Zhejiang. Þegar hann var inntur eftir því sagðist Chixia vera frá Shanxi. Maðurinn var einlægur var hreinskiptinn. Síðar kvöddust þeir og gengu til náða.

Ning lá andvaka um stund en heyrði þá lágar raddir úr norðri sem hljómuðu líkt og samtal nágranna. Ning reis úr rekkju og hallaði sér út um norðurgluggann til að sjá hverjir væru á ferð. Hann sá þar garð umkringdan litlum vegg og í garðinum voru tvær konur; önnur á fimmtugsaldri og hin talsvert eldri. Sú eldri var með kryppu, klædd í dumbrauð föt og með silfurkamb í hárinu. Hún virtist talsvert hrum. Konurnar ræddu saman í tunglskini og spurði sú yngri: „Hví hefur Xiaoqian ekki sést enn?“ Gamla konan svaraði að hún væri rétt ókomin. Konan spurði: „Á hún eitthvað vantalað við þig?“ Gamla konan sagði: „Ekki svo ég viti en það virðist þó sem hún eigi við einhvern vanda að etja.“ Þá sagði konan: „Við ættum ekki að sýna henni

vinahót!“ Konan hafði rétt lokið við orð sín þegar fagra, unga stúlku um átján ára gamla bar að garði. Gamla konan hló og sagði: „Oft kemur illur þá um er rætt. Við vorum einmitt í þessu að ræða um þig þegar þú læðist svona aftan að okkur. Þú ert svei mér hljóðlátur þúki. Til allrar hamingju vorum við nú ekki að tala illa um þig.“ Hún bætti við: „Þú ert fögur sjón að sjá, það er líkt og þú stígir úr málverki. Ef ég væri karlmaður fengi ég ekki staðist fegurð þína.“ Stúlkan sagði: „Hver önnur en þú, kæra amma, myndi hrósa mér svo fallega?“ Eldri konan sagði eitthvað við stúlkuna en Ning heyrði ekki hvað. Hann hugsaði með sjálfum sér að þetta væri bara nágrannafjölskylda og lagðist aftur í rekkju. Eftir nokkra stund varð allt hljótt aftur og Ning var við það að sofna þegar hann fann skyndilega fyrir nærveru einhvers í herberginu. Hann reis snögglega upp og leit rannsakandi í kringum sig. Þá sá hann ungu konuna sem hafði staðið úti í garðinum skömmu áður. Furðulostinn spurði hann stúlkuna hver hún væri. Stúlkan hló og sagði: „Tunglskinið vakir enn. Ég er að vona að það lýsi yfir okkur á meðan við njótum hvors annars.“ Ning horfði alvarlega á hana og sagði: „Dyggðin forðar okkur frá slæmu orðspori, ég óttast að hið minnsta hliðarspor geti vakið upp sögusagnir og orðið ærumeiðandi.“ Stúlkan sagði: „En nóttin hylmir yfir með okkur.“ Ning hækkaði raustina og reyndi enn frekar að reka hana í burtu. Stúlkan virtist tvístígandi líkt og hún hefði eitthvað fleira að segja en þá æpti Ning á hana: „Komdu þér héðan út undir eins! Annars mun ég kalla þannig að maðurinn í suðurherberginu kemst á snoðir um þig.“ Við þau orð varð unga konan skelkuð. Hún fór út en snéri svo aftur við og lagði gullmola á rúmið hans. Ning tók gullið, kastaði því út á þrepin á ganginum og sagði: „Þitt illa fengna fé óhreinkar bagga mína.“ Niðurlægð gekk stúlkan út, tók upp gullið og sagði: „Þessi maður hefur grjót í hjartastað.“

Árla næsta morguns bar að garði mann frá Lanxi. Hann settist að í austurhluta hofsins ásamt þjóni sínum en maðurinn ætlaði að þreyta embættispróf í borginni. Áður en nóttin var úti fannst hann látinn. Undir miðri ilinni var lítið stungusár eins og eftir al eða nál og blóð vætlaði úr sárinu. Enginn vissi hvað hafði gerst. Næstu nótt fannst þjónninn einnig látinn með sömu áverka og sá fyrri. Það tók að kvölda og Yan snéri aftur heim. Ning sagði honum þá frá hryllilegu atburðunum sem höfðu gerst en Yan taldi illa ára vera að verki. Ning, sá heiðarlegi og hispurslaus maður, tók ekki mikið mark á þeim orðum.

Þá sömu nótt snéri unga konan aftur til Ning og sagði: „Ég hef heimsótt marga menn en hef aldrei áður rekist á jafn ráðvandan mann og þig. Þar sem þú ert

slíkur höfðingi þori ég ekki að blekkja þig. Ég heiti Xiaoqian og er fjölskyldunafn mitt Nie. Þegar ég var aðeins átján ára glataði ég lífi mínu og ég var grafin nálægt hofinu. Látlaust hafa illir árar setið um mig og neytt mig til að vinna fyrir sig þar sem ég nota útlit mitt til að táldraga menn en geri það þó ekki sjálfviljug. Nú er enginn eftir í hofinu til að farga nema þú og því óttast ég að þeir muni stefna til þín hinum hrottalegasta djöfli.“ Ning leitaði þá ráða hjá stúlkunni og hún sagði: „Þú ættir að leita til herra Yan og fá að gista í sama herbergi og hann.“ Ning spurði þá af hverju hún væri ekki búin að táldraga Yan. Hún svaraði: „Hann er afar sérstakur maður, ég þori ekki að koma nálægt honum.“ „Hvernig heppnast þér að blekkja fólk og myrða?“ spurði Ning. Hún svaraði: „Ég fleka menn til samvista og þegar ég fæ tækifæri til þá sting ég þá í aðra ilina með litlum al. Stuttu síðar verða menn frávita og loks missa þeir meðvitund og þá sýg ég úr þeim blóðið til að geta veitt árunum. Ef mér tekst ekki að táldraga mennina þá notast ég við gull sem er í raun ekki ekta gull heldur djöflabein. Þegar ég skil það eftir rífur það úr fólki hjartað. Enginn getur staðist báðar þessar freistingar.“ Ning var þakklátur stúlkunni fyrir að segja sér frá þessu og spurði hana hvenær hann ætti að gera varúðarráðstafanir. Hún sagði að djöfullinn kæmi næstu nótt. Við skilnað táraðist stúlkan og sagði: „Ég hef fallið djúpt í hinn dimma sæ og sé því ekki í land. Réttssýni þín og trygglyndi geta hugsanlega bjargað mér og linað sársauka minn. Ef þú ert fús til þess skaltu finna fúin bein mín og hafa þau í burtu með þér svo að þú getir grafið þau á friðsælum stað. Þannig munt þú veita mér það sem næst kemst nýju lífi.“ Ning lofaði henni þessu staðfastlega og spurði hvar bein hennar væru grafin. „Leitaðu að víðitré. Uppi í trénu er hrafنشreiður og þar fyrir neðan eru bein mín grafin“ sagði hún en þagði síðan og hélt út með trega.

Árla morguns næsta dag flýtti Ning sér að finna Yan af ótta við að missa af honum. Ning bauð honum að snæða með sér en klukkan var ekki mikið meira en níu að árdegi þegar þeir voru sestir að áti og drykkju. Ning rannsakaði Yan varlega og spurði hvort hann mætti gista hjá honum um nóttina. Yan hafnaði því og sagðist vera einfari að eðlisfari og kysi að vera í friði. Ning lét sér ekki segjast og hafði með sér rúm sitt til hans. Treglega færði Yan rúm sitt til að Ning gæti komið fleti sínu fyrir. Yan ráðlagði Ning: „Ég veit að þú ert heiðvirður maður og traustur en það er ýmislegt sem ekki er hægt að útskýra í fljótu bragði. Ég ætla að biðja þig um að líta ekki í töskuna mína því ef þú gerir það munum við báðir líða fyrir það.“ Ning sættist á það og síðar gengu þeir til hvílu. Yan setti litlu töskuna sína á gluggasýlluna og fór

að sofa. Stuttu síðar var hann steinsofandi. Hroturnar drundu líkt og þrumur og Ning gat því ekki sofð. Á áttunda tímanum sýndist Ning hann sjá skugga fyrir utan gluggann. Hann flýtti sér nær glugganum og leit út til þess eins að sjá auga sem blikkaði og hörfaði svo óðara í burtu. Ning varð óttasleginn og var að því kominn að kalla á Yan þegar lítill gripur spratt skyndilega upp úr litlu töskunni; hann skein líkt og hvítt silki og braut í sundur gluggalamirnar sem voru úr grjóti. Hann skaust út, hjó einu sinni og hörfaði aftur á sinn samastað. Þetta virtist allt gerast á augabragði. Yan vaknaði við þetta og reis upp en Ning þóttist sofa svo að hann gæti fylgst með honum. Yan tók litlu töskuna sína og rannsakaði innvolsið, hann tók gripinn út, bar hann upp í tunglsljósið og þefaði loks af honum. Hvítt ljós skein af muninum. Hann var um fimm sentímetra langur og þráðbeinn líkt og blaðlaukur. Yan vafði vandlega utan um gripinn, stakk honum aftur í töskuna og sagði í hálfum hljóðum: „Djarfur er þessi gamli djöfull að laska töskuna mína.“ Síðan snéri hann aftur til rekkju sinnar. Þetta kom Ning á óvart og hann reis upp og spurði Yan hvað gengi á. Yan sagði: „Þar sem mikið bróðerni hefur myndast á milli okkar skal ég ekki halda neinu leyndu fyrir þér lengur. Ég er skylmingamaður, ef gluggalamirnar hefðu ekki verið úr grjóti hefði djöfullinn drepist en þess í stað særðist hann bara.“ Ning spurði: „Hvað var þetta sem þú vafðir svona gætilega inn?“ Yan sagði: „Sverðið mitt. Þegar ég þefaði af því áðan fann ég lykt af ára.“ Ning vildi fá að sjá það og Yan leyfði honum að skoða þetta smáa, skínandi sverð. Nú þótti honum enn meira koma til Yan. Daginn eftir hélt Ning út, hann sá blóðpoll fyrir utan gluggann og hélt svo áfram í norður. Þar sá hann fjöldann allan af vanræktum gröfum og kom loks að hvítu víðitré. Í krónu þess var hrafshreiður. Ning ákvað að búa sig til heimferðar og pakka niður áður en hann legðist í að grafa upp líkamsleifarnar. Yan hélt handa honum kveðjumáltíð, en vináttubönd þeirra voru orðin afar sterk. Yan færði Ning snjáða leðurtösku í kveðjugjöf og sagði: „Í töskunni er sverð, það mun halda illum árum frá þér.“ Ning bað hann um að kenna sér listina á bak við skylmingar en Yan sagði: „Þó svo að þú hafir alla burði til að læra færnina þá mun það ekki koma þér að neinu gagni. Þér mun fylgja ríkidæmi og heiður og þér hefur áskotnast annað hlutverk í lífinu“

Ning fór til að grafa upp bein ungu konunnar og lagði þau í greftrunarklæði. Hann leigði bát og hélt heim til sín. Vinnustofa Ning var við útjarðir borgarinnar og hann gerði gröf skammt frá henni. Við athöfnina flutti hann kveðjuorð: „Ég kenni í brjósti um þig, mín kæra einmana sál, og gref þig nærri mínum lítilfjörlegu heimkynnum. Hvort sem við syngjum eða grátum munum við ávallt heyra hvort í

öðru. Nú finnur illi árin þig ekki aftur. Ég drekk þér þessa skál til heiðurs, hún inniheldur ekki eins sætan vökva og ég hefði viljað, en ég vona að þú erfir það ekki við mig.“ Þegar Ning hafði lokið við blessunarorð sín snéri hann heim. Einhver kallaði fyrir aftan hann: „Hægðu á þér, hinkraðu eftir mér!“ Ning leit við og sá að Xiaoqian var á eftir honum. Himinlifandi þakkaði hún fyrir sig: „Þú er maður orða þinna, þótt ég myndi deyja tíu sinnum gæti ég ekki endurgoldið þér vinargreiða þinn að fullu. Leyfðu mér að koma með þér og kynnast tengdforeldrum mínum eða að minnsta kosti verða hjákona þín. Þú munt ekki iðrast þess.“ Ning rannsakaði hana gaumgæfilega. Mjúk húð hennar ljómaði líkt og bleik ský og fætturnir voru nettir sem bambusprjónar. Hún var enn unaðslegri í dagsbirtu og fegurð hennar átti sér enga hliðstæðu.

Ekki leið á löngu þar til þau voru komin að vinnustofu hans. Ning bað Xiaoqian að fá sér sæti og hinkra við á meðan hann færi og segði móður sinni frá henni. Móður hans var brugðið við frásögnina. Eiginkona hans barðist við langvarandi veikindi og móðir hans ráðlagði honum að segja henni ekki frá Xiaoqian því það gæti hrætt hana og jafnvel orðið henni að aldurtila. Á meðan hún talaði hafði Xiaoqian læðst hljóðlega inn. Hún hné niður á gólfíð og fór að hneigja sig í sífellu. Ning sagði: „Þetta er Xiaoqian.“ Við það varð móðir hans óttaslegin og leit af henni. Stúlkan ávarpaði hana: „Frá því að ég var barn hef ég verið á reiki í þessum heimi, fjarri foreldrum mínum og bræðrum. Ég var ein míns liðs þar til sonur þinn rétti mér hjálparhönd. Ég er að eilífu skuldbundin honum og ekki feimin við að grípa sóp og fægiskóflu til að sýna þakklæti mitt.“ Móðir Ning sá að stúlkan bar af sér mikinn þokka og var elskuleg. Hún herti upp hugann og sagði: „Ég gleðst yfir að þú sért velunnari sonar míns og ég get ekki staðið í vegi fyrir því. En ég á aðeins þennan eina son og ættstofninn er undir honum kominn. Því get ég ekki hætt á að leyfa honum að eiga samneyti við draug.“ Stúlkan sagði: „Ég er heiðvirð og trú, en það er rétt að ég er einnig úr undirheimum og þar sem þú treystir mér ekki bið ég þig þó um að leyfa mér að líta á hann sem eldri bróður og þjóna ykkur dag og nótt. Fellstu á það?“ Móðir Ning fann til með henni og kunni að meta einlægni hennar. Því féllst hún á þennan ráðahag. Xiaoqian vildi um leið fara til mágkonu sinnar og votta henni virðingu sína. Móðir Ning dró úr þeirri ósk með því að nota veikindi hennar sem afsökun. Xiaoqian hætti því við og fór þess í stað rakleitt í eldhúsið að elda mat. Hún virtist þekkja strax til og það var sem hún hafði alltaf búið þarna. Þegar tók að skyggja læddist hræðslan aftur að móður Ning. Hún skikkaði Xiaoqian til að ganga til hvílu sinnar, en hafði þó

ekki búið um hana. Xiaoqian gerði sér ljóst hvað bjó í brjósti hennar og hraðaði sér út. Hún ætlaði sér til Ning en nam staðar fyrir utan vinnuherbergi hans. Hún skálmaði fram og aftur og virtist nokkuð skelkuð. Ning kom auga á hana og kallaði á hana að koma inn en Xiaoqian sagði: „Í húsinu er blær af sverði og ég óttast að ganga inn. Því hef ég ekki enn komið að heimsækja þig.“ Ning áttaði sig á því að það væri að sökum leðurtöskunnar og hengdi hana því upp í öðru herbergi. Stúlkan þorði loks að ganga inn og settist niður nálægt logandi kerti. Hún var alveg þögul í drygklanga stund og spurði svo: „Lestu á kvöldin? Þegar ég var lítil stúlka las ég oft upp úr *Lengyan Jing* sútrunum, en nú hef ég gleymt ritningunum að mestu leyti. Mætti ég biðja þig um að lána mér bókina? Þú gætir þá hlýtt á mig þegar þú hefur tíma aflögu á kvöldin.“ Ning lofaði því. Enn sat hún hljóð og hreyfingarlaus. Klukkan nálgadist miðnætti en þó sýndi hún ekki á sér neitt fararsnið. Ning lagði þá til að hún gengi til hvílu sinnar. Döpur í bragði sagði hún: „Ég er einmana sál á ókunnum slóðum og smeyk við gröfina í auðninni.“ Ning sagði: „Það er aðeins eitt rúm hér í vinnustofu minni og þó að við séum nú sem systkini ættum við ekki að vekja upp neinar grunsemdir.“ Stúlkan stóð upp, hnykklaði brýnnar angurvær á svip og var að því komin að breyta í grát. Fætur hennar riðuðu undir henni og skrefin voru þung. Treglega hélt hún út og þegar hún var komin að þrepunum hvarf hún loks úr auglýn. Ning kenndi í brjósti um hana. Hann langaði að leyfa henni að gista hjá sér í öðru rúmi en óttaðist að styggja móður sína.

Xiaoqian hóf hvern dag á að votta móður Ning virðingu sína. Hún bar handlaug til hennar, þvoði hendur hennar og andlit og gegndi öllum húsverkum og uppfyllti óskir hennar. Þegar degi tók að halla fékk hún leyfi til að draga sig í hlé og þá hélt hún til vinnustofu Ning, kveikti á kerti og hóf að lesa upp úr sútrunum. Í hvert sinn sem Ning fór að gera sig líklegan til svefns hélt hún raunamædd út.

Áður en Ning og Xiaoqian bar að garði hafði eiginkona Ning veikst mjög alvarlega og öll verkin lentu því á móður Ning, sem var aðframkomin af þreytu. Hún varð því mjög þakklát Xiaoqian fyrir hvíldina. Með hverjum deginum vandist hún Xiaoqian betur og var jafnvel farin að hugsa um hana sem sína eigin dóttur. Að lokum var hún alfarið hætt að líta svo á að Xiaoqian væri draugur. Eitt kvöldið kom að því að hún hafði ekki geð í sér að skipa Xiaoqian að fara út og gaf henni leyfi til að gista hjá sér. Xiaoqian borðaði hvorki né drakk fyrsta hálfu árið en hægt og rólega var hún farin að gæða sér á vellingi. Mæðginin voru orðin henni eftirlát og hætt að

minnast á að hún væri draugur. Ekki nokkur maður gat séð að hún væri eitthvað frábrugðin öðrum.

Stuttu síðar lést eiginkona Ning. Þó svo að móðir hans væri farin að sættast við stúlkuna, óttaðist hún að sonur hennar myndi líða fyrir að taka upp samband við Xiaoqian. Stúlkan varð áskynja hugsana hennar og sagði við hana: „Ég hef búið hér í meira en ár og þú ættir að vera farin að þekkja mína innri manneskju. Ég óska engum ills og því fylgdi ég húsbóndanum heim. Himinn og jörð dást að heiðarleika hans og ráðvendni. Það var minn eini sanni ásetningur að vera ykkur til fulltingis í þrjú eða fjögur ár en þá myndi ég ef til vill vinna mér inn ríkulegan titill. Sá titill myndi lýsa upp læk að gröf minni.“ Móðirin vissi vel að stúlkan væri ekki ill en óttaðist að hún gæti ekki alið af sér erfingja. Stúlkan sagði: „Aðeins himnarnir geta veitt barnalán. Í bók örlaganna hefur húsbóndanum verið úthlutað að eignast þrjá syni. Þó svo hann giftist draug munu örlög hans ekki breytast.“ Móðirin treysti þessum orðum og veitti syni sínum blessun sína. Ning varð himinlifandi og hafist var til handa við að skipuleggja og bjóða ættfólki til brúðkaupsveislu.

Brúðkaupsgestirnir voru spenntir fyrir að kynnast brúðinni. Xiaoqian var búin að hafa sig alla til og var afar glæsileg á að líta þegar hún gekk inn í salinn. Öll augu hvíldu á henni. Engan hefði nokkurn tímann grunað að stúlkan væri draugur, mun trúlegra var að hér væri gyðja á ferð. Allar konurnar í fjölskyldunni komu færandi hendi og veittu henni hamingjuóskir. Þar sem Xiaoqian var afar fær við að mála orkídeur og vorapríkósar þakkaði hún fyrir sig með litlum málverkum. Þau sem voru svo lánsöm að öðlast verk eftir hana voru afar upp með sér.

Dag einn sat Xiaoqian með lútandi höfuð við gluggann. Hún var ráðvillt og döpur. Skyndilega spurði hún: „Hvar er leðurtaskan?“ Hann svaraði: „Þú hræddist töskuna og því þakkaði ég henni vandlega inn og setti á annan stað.“ Hún sagði: „Nú hef ég í einhvern tíma notið lífsandans og ég ætti því ekki að þurfa að hræðast töskuna lengur. Það væri ráðlegt ef þú næðir í hana og hengdir fyrir ofan rúmgaflinn.“ Ning spurði hana hvað hún ætti við með þessu. Hún sagði: „Í þrjú daga hefur hjarta mitt slegið ört. Mig grunar að illi árin sé kominn hingað frá Jinhua. Hann hatar tilhugsunina um að ég hafi sloppið úr greipum hans og ég óttast því að hann muni finna mig fyrir en varir.“ Ning náði í leðurtöskuna. Xiaoqian rannsakaði sverðið á alla kanta og sagði: „Þetta er sverðið sem einn guðanna bar. Hann skreytti það með mannhöfðunum sem hann afhausað með því. Það ber þess merki að hafa verið brúkað ógurlega mikið og er orðið úþvælt. Erfitt er að vita hversu mörg líf

Þetta sverð hefur tekið! Hold mitt nötrar við það eitt að horfa á það.“ Síðan hengdi hún sverðið upp. Næsta dag bað hún Ning um að hengja töskuna á hurðina.

Um kvöldið sat Xiaoqian við kerti og bægði Ning frá svefni. Skyndilega heyrðist dýnkur fyrir utan, líkt og fugl hefði hrapað til jarðar. Xiaoqian varð skelfingu lostin og faldi sig á milli tveggja gluggatjalda. Ning leit út og sá hann þar hrottalegan djöful; augun skutu neistum og skolturinn var fylltur blóði. Djöfullinn steig til baka og ruddist svo fram, viðbúinn því að hremma og hrifsa. Þegar hann var kominn að hurðinni nam hann staðar og steig til baka. Í langan tíma stóð hann fyrir framan hurðina og smám saman komst hann nær leðurtöskunni. Klærnar voru við það að tæta töskuna í sundur þegar hún breyttist skyndilega, með miklum hávaða, í stóra körfu. Úr körfunni spratt ári upp til hálf. Hann greip djöfulinn og dró hann með sér inn í körfuna. Allt féll í dúnalogn og taskan skrapp aftur saman í sína upprunalegu mynd. Ning var furðulostinn en Xiaoqian kom úr felum sínum og hrópaði fagnandi: „Við erum hólpin!“ Saman litu þau ofan í töskuna og fundu þar örlítið tært vatn en ekkert annað.

Nokkrum árum síðar stóðst Ning hið æðsta embættispróf veldisins. Xiaoqian ól honum dreng og síðar fékk hann til sín aðra frillu. Báðar konurnar ólu honum hvor sinn soninn í viðbót og uxu þeir allir upp til að verða virtir embættismenn.

V. Misbrigði líksins

Í Yangxin héraði bjó gamall maður. Um það bil þrjú kílómetra frá borginni Caidian hafði hann og sonur hans komið á fót vegagistihúsi. Gistiheimili þetta var gjarnan sótt af ferðasölumönnum sem ferjuðu vörur á vögnum milli staða.

Dag einn, þegar húmið færðist yfir, bar fjóra menn að garði. Þeir sóttust eftir herbergi í skjóli nætur en öll herbergin voru fullbókuð á gistiheimilinu. Mennirnir fjórir áttu engan annan stað til að leita á og því ítrekuðu þeir þörfina á afdrepi. Gamli maðurinn lagði höfuðið í bleyti. Það var hugsanlega eitt herbergi á lausu en hann óttaðist að það væri ekki viðeigandi fyrir gesti. Þá sagði einn aðkomumannanna: „Við þurfum aðeins skjól yfir höfuðið í eina nótt og erum í engri aðstöðu til að velja eða hafna.“ Þannig var því háttað að í einu herberginu var lík nokkuð. Tengdadóttir gamla mannsins hafði fallið frá nýlega en sonur hans hafði farið að kaupa líkkistu og var enn ókominn heim. Gamli maðurinn hugsaði með sér að herbergið væri í það

minnsta hljóðlátt og leiddi mennina þangað. Þar var mikið myrkur og innarlega í herberginu stóðu kerti á löngu borði. Fyrir aftan borðið var skilrúm og þar fyrir innan lá líkið hulið pappírsábreiðu. Í miðju herberginu mátti sjá nokkur samtengd rúm og þar sem gestirnir fjórir voru örmagna af þreytu flýttu þeir sér í háttinn. Þeir voru varla lagstir þegar þeir voru farnir að hrjóta, það er allir nema einn sem var enn milli svefnis og vöku. Skyndilega heyrði hann í pappírsskrjáfi sem kom frá borðinu þar sem líkið lá. Óstyrkur opnaði hann augun og varð strax litið í áttina að logandi kertunum. Þar fyrir innan sá hann lík af konu rífa af sér pappírsábreiðu og rísa upp. Hún steig niður úr rúminu og þokaði sig hægt og rólega nær svefnstað mannanna. Andlit hennar var svipbrigðalaust með gylltri sliktu og enni hennar var umvafið silkiumbúðum. Þegar hún var komin að rekkjunum laut hún höfði nær mönnunum og hóf að blása á þá. Gesturinn sem vakti var dauðhræddur og beið þess að hún myndi ljúka sér af. Hann breiddi sængina yfir höfuðið og hélt niðri í sér andanum. Munnvatnið safnaðist saman og hann fylgdist einbeittur með ummerkjum líksins. Áður en hann vissi af var hún komin að honum og hafin við að blása á hann líkt og hún hafði gert við hina mennina. Gesturinn fann fyrir henni færa sig aftur að borðinu þar sem hún hafði legið áður og heyrði loks í pappírsskrjáfinu. Hann rak höfuðið undan sænginni til að líta á líkið. Þar sá hann konuna liggjandi í sömu stellingu og áður, líkt og ekkert hefði í skorist. Gesturinn lá lamaður af hræðslu og kom ekki upp hljóði og þurfti að hafa sig allan við að sparka í fætur hinna gestanna en þeir lágu algjörlega hreyfingarlausir. Maðurinn hugsaði með sér að hann ætti að flýta sér í fötin og leggja á flóttu þegar hann heyrði aftur í skráfinu. Líkið reis upp og hann heyrði það nálgast sig. Gesturinn dró sængina aftur yfir höfuðið sér og var kominn í sömu stellingu sem fyrr. Hann fann fyrir líkinu standa yfir sér og enn á ný hóf það að blása á hann. Á meðan það blés fór maðurinn að leggja á ráðin um hvernig hann ætti að koma sér þaðan. Fljótlega heyrði hann í pappírnum og vissi því að líkið væri aftur lagst niður. Undan sænginni þreifaði hann fyrir sér og náði í brækur sínar. Hann flýtti sér í þær og hljóp berfættur að hurðinni. Líkið stóð einnig upp og líkt það ætlaði sér að fylgja gesti sínum til dyra rauk það af stað á meðan gesturinn streittist við að taka hurðina úr lás og rétt slapp út. Líkið spretti úr sporunum og fylgdi gestinum fast á eftir. Maðurinn hljóp eins og fætur toguðu um leið og hann öskraði og skríkti eins hátt og hann gat, en það dugði þó ekki til að vekja hina þorpsbúana. Hann langaði að banka uppi hjá eigandanum en óttaðist að það myndi tefja hann um of og að líkið myndi ná honum. Honum var þá litið í kringum sig og sá veg sem lá að borginni og hljóp eins og fætur

toguðu í þá átt. Þegar hann var kominn að útjaðri borgarinnar sá hann hof. Þegar gesturinn nálgadist hofið heyrði hann takt í viðar hljóðfærum og því tók hann á rás að hliðinu og gekk berserksgang á hurðinni. Daóistaprestarnir urðu skelkaðir við allan hamaganginn og þorðu því ekki að opna hliðið. Áður en hann vissi af var líkið komið hársbreidd frá sér. Hann var sem milli steins og sleggju og vissi ekki hvað hann ætti til bragðs að taka en þá kom hann auga á hvíta ösp sem var meira en metri í ummál. Hann hugsaði með sér að hann gæti notað það sem skjöld og hljóp að því. Líkið var á eftir honum og í hvert sinn sem gesturinn fór til hægri, fór líkið á eftir honum til vinstri. Þá fór maðurinn til vinstri og líkið aftur til hægri. Þannig gekk þetta viðstöðulaust í þó nokkurn tíma. Líkið var farið að verða sífellt óðara og þreyttara, það nam lokst staðar og stóð kyrrt. Gesturinn svitnaði og kastaði öndinni á meðan hann skýldi sér á bak við tréð. Skyndilega rétti líkið úr sér, teygði handleggina út og greip utan um tréð í von um að krækja í manninn. Gestinum brá verulega í brún og féll kylliflatur á jörðina. Líkið hafði læst höndunum í trébolinn og stóð þar pikkfast.

Daóistaprestarnir höfðu legið við hlustir og heyrðu nú að allt var orðið hljótt. Þeir söfnuðu í sig kjark og opnuðu loks hliðið, við þeim blasti gesturinn liggjandi á jörðinni. Þeir færðu kerti nær honum og sáu þá að hann var enn á lífi en hjartsláttur hans var veikur og óreglulegur. Gesturinn var borinn inn og þegar leið á nóttina braggaðist hann. Prestarnir færðu honum heita súpu og spurðu hvað hafði gengið á og gesturinn lýsti fyrir þeim árásinni sem hann hafði orðið fyrir um nóttina. Þegar morgunklukkan hafði hringt var runninn upp nýr dagur. Morgunmistur lá yfir jörðinni þegar prestarnir fóru út til þess eins að sjá lífvana kvenmann standa stjarfa upp við tré. Þeim varð afar brugðið og tilkynntu þetta til sýslumanns sem kom sjálfur um leið til þess að skoða aðstæður. Sýslumaðurinn sendi á eftir fólki til að ná konunni af trénu en allt kom fyrir ekki. Þegar hann skoðaði hendur hennar nánar sá hann að fjórir fingur á sitthvorri hendinni höfðu myndað króka sem voru kræktir langt inn í tréð þannig ekki sást í neglurnar. Marga menn þurfti til að losa hana og þegar hún var loksins laus mátti sjá holur í trénu þar sem fingur hennar höfðu borað sig inn. Sýslumaðurinn sendi menn til gistiheimilisins að finna gamla manninn og komast að því hvað komið hafði fyrir. Þar hafði lík týnst og gestir látið lífið og því var allt í uppnámi og enginn vissi hvað hafði gerst. Mennirnir sögðu þá gamla manninum frá því sem undan hafði gengið og fór hann með þeim til að sækja lík tengdadóttur sinnar.

Þegar gesturinn var við það að snúa heim grét hann og sagði við sýslumanninn: „Líf þriggja manna eru nú týnd og aðeins einn maður sem kemur til

baka er á lífi. Hvernig eiga heimamenn mínir að trúa því sem gerðist?“ Sýslumaðurinn veitti honum þá opinber gögn þar sem aðstæður voru útskýrðar og bar gesturinn bréfin með sér aftur heim.

VI. Refurinn í Weixian

Í Weixian var ættaróðal Li fjölskyldunnar. Dag einn, algjörlega upp úr þurru, mætti gamall maður sem bað um að fá að leigja hjá fjölskyldunni og lofaði þeim fimmtíu silfurpeningum í leigufé. Gamli maðurinn dokaði ekki lengi við og hvarf eins skyndilega og hann hafði birst. Li þótti þetta nokkuð tortryggilegt og hvatti húsvörðinn til að finna annan leigjanda. Daginn eftir snéri gamli maðurinn aftur og sagði: „Ég sagðist ætla að leiga húsið af ykkur, hví eru þið að reyna að finna annan leigjanda?“ Li útskýrði þá efasemdir sínar um trúverðugleika hans. Þá sagði gamli maðurinn: „Ég ætla mér að búa hér í þó nokkurn tíma og því hef ég tekið mér minn tíma í að velja veglegan dag til að flytja. Ég mun flytja innan tíu daga“ Gamli maðurinn borgaði árs leigu og bætti við: „Leiðið ekki hugann að því þó svo að húsið standi autt allt árið.“ Li fylgdi gamla manninum út og spurði hvenær hann ætlaði að flytja inn og gamli maðurinn sagði honum það.

Nokkrum dögum eftir áætlaðan flutningadag voru enn engin ummerki um gamla manninn. Li fór því að athuga með húsið og sá að hliðið var læst að innan. Úr skorsteininum kom reykur og einnig bærust út hinar ýmsu raddir. Undrandi lét hann vita af viðveru sinni. Gamli maðurinn flýtti sér út til að heilsa Li. Hann var afar vinalegur og gestrisin og fór vel á með þeim félögum. Um leið og Li var kominn heim til sín lét hann senda gamla manninum gjöf. Gamli maðurinn sýndi þakklæti sitt með því að bjóða Li til mikilfenglegrar máltíðar. Nokkrum dögum síðar bauð Li gamla manninum til glæsilegar veislu þar sem þeir áttu afar gleðilega stund saman. Li spurði hvaðan hann væri og sagðist hann vera frá Shaanxi héraði. Lí varð hissa yfir því og spurði af hverju hann væri kominn svona langt að. Maðurinn svaraði: „Land þetta er göfugt en ég gat ekki búið lengur í Shaanxi því þar munu verða miklar hörmungar.“ Á þessum tíma ríkti friður í landinu og því skildi Li ekki alveg hvað gamli maðurinn átti við en ákvað að inna ekki frekar á eftir því. Tveimur dögum síðar barst Li enn og aftur boð í veislu frá gamla manninum. Þetta var heilmikill og fallegur fögnuður með gnægð matar og drykkjar. Li var nokkuð hissa á þessari

óhóflegu og ríkmannlegu veislu og fór að gruna að gamli maðurinn hafi eitt sinn verið háttsettur embættismaður. Þar sem þeir voru nú orðnir nokkuð góðir félagar uppljóstraði gamli maðurinn að svo væri nú ekki heldur væri hann í raun refur! Li varð alveg agndofa yfir þessari opinberun. Í hvert sinn sem hann átti nokkur orð við fólk gat hann ekki annað en sagt frá því að gamli maðurinn væri í raun refur. Afbrigði gamla mannsins barst því út um allt hérað og daglega leiddu menn hesta sína að hliði hans til að fá að kynnast honum. Án undantekningar tók gamli maðurinn vel á móti gestum sínum og bauð þá velkomna. Með tímanum voru einnig embættismenn farnir að sækja hann heim. Það var aðeins sýslumaðurinn sem gamli maðurinn forðaðist og þóttist hann gjarnan vera vant við látinn þegar hann bar að dyrum. Sýslumaðurinn fór til Li og bað hann um að skipuleggja fund milli sín og gamla mannsins en gamli maðurinn vildi ekki heyra á það minnst. Því spurði Li af hverju hann vildi ekki hitta sýslumanninn. Maðurinn stóð upp úr sæti sínu, gekk yfir til Li og hvíslaði í eyra hans: „Það sem þú veist ekki er að í fyrra lífi var sýslumaðurinn asni og þó svo að hann líti út fyrir að vera virðulegur maður í dag þá er hann enn óseðjandi dýr. Ég er einnig af annari tegund en samt get ég ekki hugsað mér að blanda geði við þessa skepna.“ Li fann því góða ástæðu til afsökunar og fór til sýslumannsins. Hann sagði honum að refurinn bæri óttablendna virðingu fyrir honum og megnaði því ekki að fara á fund með honum. Sýslumaðurinn tók Li trúanlegan og hætti að óska eftir gamla mannum. Þessir atburðir gerðust á ellefta ári Kangxi veldisins. Aðeins örfáum árum síðar braust út mikið stríð í Shaanxi. Refurinn hafði því séð fyrir framtíðarhörnungar.

Sögumaður hins furðulega segir: „Asninn er fyrirferðamikil skepna. Þegar hann reiðist sparkar hann, spyrnir og stekkur út um allt. Hann hrínar óhljóðum, er með stærri augu en maga og blæs út meira lofti en nautið. Ekki aðeins er hljóð asnans viðbjóðslegt heldur einnig ásýnd hans. Ef haldið er fyrir framan hann búnti af heyi er hægt að leiða hann hvert sem er og ef hann er mataður mun hann vera hamingjusamlega bundinn niður. Þannig fer hann að því að svífa yfir hin dýrin og þess vegna er ekki skrytið að hann sé svona gráðug skepna. Vonandi forðast fólk að gera mistök asnans og tileinkar sér frekar hætti refsins. Þannig myndi siðgæðið sækja fram með degi hverjum.“